

9
28. jan.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 kr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

10
28. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951, og reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951, um stóreignaskatt sky. 12. gr. l. nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 29. febrúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1952.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

11
30. jan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 82, 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda, gjaldeyrir til greiðslu þeirra hafi verið tryggður gegnum banka eða B-skírteini hafi verið gefið út til innflutnings varanna, áður en þær eru sendar til landsins. Gildir þetta jafnt þótt gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.

3. gr.

Bankarnir skulu hafa eftirlit með því að erlendar innheimtur, sem til þeirra eru sendar, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og greiðslutrygging liggur ekki fyrir, er bönkunum skylt að tilkynna það gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið. Komi í ljós, að greiðsla vörunnar hafi ekki verið tryggð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ber gjaldeyriseftirlitinu að tilkynna það viðkomandi tollstjóra, sem gera skal ráðstafanir til að veran sé endursend innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin kom honum í hendur.

4. gr.

Undanþegnar þessari reglugerð eru sendingar allt að 500 kr. að verðmæti, enda séu lögð fram skilríki eða á annan hátt færðar sönnur á, að um gjöf sé að ræða.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er reglugerð nr. 106 12. júní 1950, um viðauka við reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlags-
eftirlit, numin úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Pórhallur Ásgeirsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

12

4. febr.

I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.65 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.50 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Par, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.